



# Verksmiðjubygging fyrir Algaennovention á Hellisheiði

Í október 2018 gekk Ístak frá marksamningi við Algaennovention, sem er Ísraelskt fyrirtæki, um byggingu á lítilli verksmiðju í nýjum jarðhitagarði ON á Hellisheiði. Verksmiðjan mun framleiða smábörunga (micro algae) með nýrri tækni og nýta sér heitt vatn og rafmagn frá Hellisheiðarvirkjun. Verksmiðjan er aðeins tæpir 600 m<sup>2</sup>, en ráðgert er að hún verði stækkuð umtalsvert ef vel tekst til með fyrsta áfangann. Byggingin er stálgrindahús með steyptri botnplötu sem grunduð er á staurum þar sem djúpt var á fast. Arkitektar eru TARK ehf og verkfræðingar Mannvit ehf. Framkvæmdir hófust í lok árs 2018 við jarðvinnu og niðurrekstur staura. Undirstöður og botnplata var steypst nú í vetur, þrátt fyrir ýmsa erfiðleika vegna vetrarveðurs á heiðinni. Stálvirki eru nú tekin að rísa og er ráðgert að búið verði að loka húsinu innan skamms og að verksmiðjan verði tilbúin sumarið 2019.



Fyrstu stál sperrurnar eru að rísa upp nú í lok mars